

Stofnanasamningur

milli Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU) og Landssambands Slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) hins vegar um forsendur röðunar starfa við stofnunina.

Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og LSS hins vegar, dags 14. desember 2015.

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra sjúkraflutningamanna í aðalstarfi á Heilbrigðisstofnun Suðurlands sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og LSS hins vegar, sbr. grein 11.1.1. í kjarasamningi.

2. Forsendur röðunar og framkvæmd

Við framkvæmd á samningi þessum skal byggt á grunnforsendum kjarasamnings og horft til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunarinnar, eðlis starfa, ábyrgðar og umfangs. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Röðun starfa/starfsmanna í launaflokka er á grundvelli:

- Reglna um röðun eins og þær eru skilgreindar í samningi þessum, sbr. gr. 3 og 4.
- Breytinga og viðbóta sem kunna að verða ákveðnar í samstarfsnefnd.

Við ákvörðun um röðun starfa í launaflokka skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi.

Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi einingum Heilbrigðisstofnunar Suðurlands er raðað. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Röðunarreglur þessar fela ekki í sér breytingar á núverandi störfum.

3. Starfaflokkun og grunnröðun

Þegar rætt er um sjúkraflutningamann í samningi þessum er átt við starfsmann sem hefur heimild til að kalla sig sjúkraflutningamann og til að starfa sem sjúkraflutningamaður samkvæmt lögum nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn.

Verði breytingar á starfsemi HSU geta orðið til ný störf sjúkraflutningamanna sem þarf að raða sérstaklega.

Starfsaldur sjúkraflutningamanna vegna fyrri starfa sem hlutastarfandi sjúkraflutningamaður skal metin þannig að hvert fullt ár í hlutastarfi skal metið til jafns við 4 mánaða starfs í fullu starfi.

Röðun starfa	Lfl.
Sjúkraflutningamaður 1; (Starfslýsing A)	6
Sjúkraflutningamaður 2; (Starfslýsing A eftir 1 ár í starfi).....	7
Sjúkraflutningamaður 3; (Starfslýsing B)	10
Sjúkraflutningamaður 4; (Starfslýsing C)	12
Sjúkraflutningamaður 5 / Bráðatæknir (Starfslýsing C)	17

Starfspróun sjúkraflutningamanna hjá HSU

- Gildandi starfslýsingar fyrir framangreind störf eru meðfylgjandi samningi þessum. Skilyrði fyrir framgangi geta ráðist bæði af starfsaldri og þeim verkefnum sem starfsmanni eru falin.
- Sjúkraflutningamaður sem jafnframt er aðstoðarvarðstjóri samnanber starfslýsingu skal raðast 2 launaflokkum ofar en ella.
- Sjúkraflutningamaður sem jafnframt er varðstjóri samnanber starfslýsingu, skal raðast 8 launaflokkum ofar en ella.

Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi sbr. gr. 4 hér á eftir.

4. Þættir til ákvörðunar um persónubundið álag:

Meta skal persónubundna þætti, svo sem hæfni og reynslu sem þrep í launatöflu. Meta má vægi slíkra þátta til hækkunar um allt að 8 þrep af viðkomandi launaflokki sbr. launatöflu.

Tímabundnir þættir geta verið breytilegir frá einum tíma til annars. Forsendur slíkra þátta skulu endurskoðaðar við breytingar á starfssviði starfsmanns, sbr. grein 1.3 annars vegar og greina 1.2.1 og 1.2.2 hins vegar í kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjófs og LSS, dags. 14.12.2015.

- a. Sjúkraflutningamaður sem lokið hefur námskeiðum, námsstefnum eða fögum sem samstarfsnefnd LSS og HSU telja að geti nýst í starfi hækkar að viðmiði um:
 - I. 1 þrep fyrir hverjar 40 stundir
 - II. 1 þrep fyrir 80 stundir
 - III. 1 þrep fyrir 120 stundir
 - IV. 1 þrep fyrir 160 stundir
 - V. 1 þrep fyrir 200 stundir

Að hámarki 5 þrep.

Þegar sótt er um mat á námskeiði/um, viðbótarnámi eða annarri viðbótarmenntun til yfirmanns skal senda eftirfarandi til framkvæmdastjóra lækninga.

- I. Lista yfir námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi og dagsetningar.
- II. Ljósrit af skjali sem sannar þátttöku viðkomandi.
- III. Ef um er að ræða þátttöku í námskeiði: sundurliðun á fyrirlesturum, umræðum og öðru námsefni og lengd.
- IV. Nám sem sérstaklega er ætlað viðkomandi fagaðila hjá viðurkenndri stofnun og gefur ákveðinn fjölda háskólaeininga skal metið.
- V. Umframeiningar þarf að skoða sérstaklega.
- VI. Hækkun tekur gildi næstu mánaðamót eftir að fullnaðargögn hafa verið lögð fram.

- b. Sjúkraflutningamaður sem lokið hefur heilbrigðisnámi á framhaldsskólastigi sem nýtist í starfi skal raðast 1 þrep ofar en ella.
- c. Sjúkraflutningamaður sem lokið hefur heilbrigðisnámi á háskólastigi sem nýtist í starfi skal raðast 4 flokkum ofar en ella.
- d. Aukin hæfni í vinnubrögðum, s.s. sjálfstæði, frumkvæði og umsjón verkefna geta gefið allt að 4. þrep, en eru háð mati á hverjum tíma og geta verið endurskoðuð.
- e. Laun sjúkraflutningamanna skulu hækka með aukinni starfsreynslu um:
 - I. 1 þrep fyrir 3 ár
 - II. 1 þrep fyrir 6 ár
 - III. 1 þrep fyrir 9 ár
 - IV. 1 þrep fyrir 12 ár
 - V. 1 þrep fyrir 15 ár

Að hámarki 5 þrep.

5. Réttur til endurmats á röðun

Í samræmi við starfsmannastefnu HSU hefur sjúkraflutningamaður rétt á starfsmannaviðtali árlega. Þar skal m.a lagt mat á hvort starfslýsing viðkomandi starfsmanns sé rétt og þar með röðun starfs. Við slíkt mat skal taka tillit til breytinga á starfi hans og starfssviði.

Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. Kafla kjarasamnings.

6. Gildistaka

Með gerð stofnanasamnings þessa hafa aðilar orðið ásáttir um að samræmingu mismunandi stofnanasamninga á Suðurlandi sem sameinaðar voru í Heilbrigðisstofnun Suðurlands árið 2014 sé lokið. Við gildistöku samningsins falla fyrri stofnanasamningar sem unnið hefur verið eftir fram til þessa dags úr gildi. Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. júní .2016.

Selfossi 24. maí 2016

F. h. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

F.h. Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Bókun 1

Aðilar eru sammála um að við gildistöku samningsins skal ráða úr hópi starfsmanna í fjórar stöður aðstoðarvarðastjóra á HSU Selfossi. sbr. 3.gr. hér að ofan „Sjúkraflutningamaður sem jafnframt er aðstoðarvarðastjóri samanber starfslýsingu skal raðast 2 launaflokkum ofar en ella“.